



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 25. júní 2024
USK24060113

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar Skipulagsfulltrúa frá 20.6.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Vatnsendahvarf, athafnasvæði - Svæði 3 - Breyting á deiliskipulagi - Tónahvarf 4

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. júní 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 10. júní 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vatnsendahvarfs, athafnasvæðis, svæði 3 vegna lóðarinnar nr. 4 við Tónahvarf. Í breytingunni felst að lóðarmörkum verður breytt og stofnuð verði ný lóð innan núverandi lóðarmarka Tónahvarfs 4, nýja lóðin mun vera númer 4A. Þar verður komið fyrir 24 m háu fjarskiptamastri. Kvöð um aðkomu að lóð 4A verður um lóð Tónahvarfs 4. Fyrirkomulag bílastæða Tónahvarfs 4 mun breytast en bílastæðafjöldi helst óbreyttur. Viðmið um fjölda bílastæða er 1 stæði fyrir hverja 50 m² atvinnuhúsnæðis. Bílastæði verði nánar útfærð við hönnun. Lóð Tónahvarfs 4 fer úr 4823 m² í 4566 m² og nýtingarhlutfall fer úr 0,6 í 0,64. Byggingarmagn helst óbreytt. Ný lóð Tónahvarfs 4A verður 257 m² og gert er ráð fyrir einu bílastæði og athafnasvæði innan lóðar. Einnig er lagður fram deiliskipulagsuppdráttur, ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju.

Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið.

Þuríður María Guðmundsdóttir
F.h. skipulagsfulltrúa

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík

Mál nr. 0727/2024 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0727/2024, Tónahvarf 4 (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera ekki athugasemdir

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir/helgarg@veitur.is

Sent inn þann: 28.06.2024 , **Fyrir hönd:** Veitur

Vegna: Máls nr. 0727/2024, Tónahvarf 4 (Kynning Breytinga)

Athugasemd:

Takk fyrir erindið

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is (*mailto:ust@ust.is*)

Höfundur: Axel Benediktsson/axelb@ust.is

Sent inn þann: 09.07.2024 , **Fyrir hönd:** Umhverfisstofnun

Mál nr. 727/2024

Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Kópavogsbær

Tengiliður: Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ

**Efni: Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Tónahvarfs 4**

Vegagerðin hefur yfirfarið innsenda deiliskipulagsbreytingu á Tónahvarfi 4 dags. 3. maí 2024 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill benda á eftirfarandi.

Vegagerðin vekur athygli á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar. Sjá heimasíðu Vegagerðarinnar.¹

Síða 1/2

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Mörk reits Tónahvarfs 4 liggja meðfram nýjum Arnarnesvegi milli Rjúpnavegs og Breiðholtsbrautar sem er nýr stofnvegur innan höfuðborgarsvæðisins. Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

¹ <http://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/10/vegirogskipulag-1.pdf>

Vegagerðin minnir á Veghönnunarreglur sem eiga við um Arnarnesveg, sér í lagi kafla 2.3 um Öryggissvæði sem er innan hluta 02 – Þversnið. Þar er fjallað um lágmarksöryggisbreidd meðfram vegum. Innan öryggissvæðis skulu ekki vera hættur s.s. hættulegar hindranir eða bratti meiri en 1:1,5. Vegagerðin óskar eftir því að öryggissvæði sé sýnt á uppdráttum.



Cecilía Þórðardóttir,
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Kópavogsbær
Skipulagssvið

Skipulagsgátt nr. 727-2024

Kópavogur, 9. júlí 2024
Tilvísun: K-19721

Efni: Breyting á lóðarmörkum Tónahvarfs 4 og stofnuð ný lóð Tónahvarf 4a vegna fjarskiptamastur.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir tillöguna og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Hörður Þorsteinsson

Hörður Þorsteinsson